

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um rússneska togara á Reykjaneshrygg.

Frá Diljá Mist Einarsdóttur.

1. Hefur ráðherra upplýsingar um hvers vegna rússneskir togarar sem stunda veiðar á karfa á Reykjaneshrygg fá þjónustu í færeyskum höfnum þrátt fyrir bann Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) þar um? Ef svo er, hverjar eru ástæðurnar?
2. Hefur ráðherra gert athugasemd við stjórnvöld í Færeyjum og Danmörku varðandi þessa þjónustu færeyskra hafna við rússneska togara?
3. Hver hafa viðbrögð íslenskra yfirvalda verið við því að rússneskir togarar, sem sigla vegna þessa um íslenska lögsögu, hafa verið staðnir að því að toga yfir fjarskiptastrengi?

Skriflegt svar óskast.

